

þeirri, er þeir nú byggja á í þessu máli, og var jafnframt gefið sérstakt tilefni til þess af hálfu stefndu, verður að fallast á það með þeim, að stefnendur geti eigi nú höfðað nýtt mál á hendur stefndu á grundvelli málsástæðu, sem þeir vel máttu koma að í fyrra málinu, en gerðu eigi. Ber því samkvæmt reglunum um res judicata að vísa þessu máli frá dómi ex officio, sbr. 2. mgr. 196. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936.

Samkvæmt þessum málsúrslitum verða stefnendur dæmdir in solidum til að greiða stefndu málskostnað. Þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 25.000.00.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio. Stefnendur, Áki Gränz og Jósafat Arngrímsson, greiði stefndu, Birgi Þorvaldssyni og Jóni Sveinssyni, in solidum kr. 25.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 30. maí 1969.

Nr. 88/1969. **Eyjólfur Bjarnason**
 gegn
Hellugleri h/f.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Málskostnaðartrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í 21. gr., 1. g. laga nr. 57/1962 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 25. apríl 1969, er barst dóminum 9. maí 1969. Krefst sóknaraðili þess, að varnaraðilja verði dæmt að setja tryggingu, kr. 187.000.00 eða lægri fjárhæð samkvæmt mati dómsins, fyrir hugsanlegum málskostnaði sóknaraðilja í bæjarþingsmálinu nr. 689/1968: Hellugler h/f gegn Eyjólfvi Bjarnasyn og gagn-

sök. Þá krefst sóknaraðili og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Með skirskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Eyjólfur Bjarnason, greiði varnaraðilja, Hellugleri h/f, kærumálskostnað, kr. 5.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 14. apríl 1969.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 10. þ. m., hefur Ingvar S. Ingvarsson forstjóri, Ísafirði, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur f. h. Fjöliðjunnar h/f, Hellu á Rangárvöllum, með stefnu, birtri 26. apríl 1968, gegn Eyjólfí Bjarnasyni rafvirkjameistara, Háaleitisbraut 30 hér í borg.

Eftir að mál þetta var höfðað, hefur stefnandi breytt um nafn, og heitir félagið nú Hellugler h/f.

Í stefnu hefur aðalstefnandi gert svofellda grein fyrir kröfum sínum:

„1) Félagið Fjöliðjan h/f, Hellu, var stofnað 25. okt. 1967. Voru þau kjörin í stjórn félagsins Sigurlaug M. Jónsdóttir, frú, Engjavegi 15 á Ísafirði, Ingvar S. Ingvarsson, forstjóri, s. st., og Eyjólfur Bjarnason, Háaleitisbraut 30 í Reykjavík, enda er Sigurlaug M. Jónsdóttir formaður. Varastjórnendur eru Sigurbjörn Ólafsson, Skeiðarvogi 141 í Reykjavík, og Hrefna Ingvarsdóttir, frú, s. st. Samkvæmt 2. mgr. 10. gr. í stofnsamningi félagsins er Ingvar S. Ingvarsson „ráðinn forstjóri félagsins til lífstíðar og verður honum fyrir engar sakir sagt upp því starfi hjá félaginu eða sviptur launum“. Þá hefur hann og prókúru fyrir félagið. Enn var 29. nóv. 1967 stefndum Eyjólfí Bjarnasyni veitt prókúruumboð fyrir félagið, og var hann ráðinn framkvæmdastjóri.

Hinn 4. marz 1968 afréð meiri hluti félagsstjórnar ásamt vara-

stjórnendum að segja upp frá og með þeim degi stefndum Eyjólfí Bjarnasyni störfum hjá félaginu. Reit stjórnin honum þar um sem hér segir:

„Hér með er yður sagt upp frá og með þessum degi öllum störfum fyrir hlutafélag voru, FJÖLIÐJUNA H/F, HELLU, og fyrir útibú félagsins í Reykjavík, enda hafið þér upp þaðan ekkert umboð til að skuldbinda félagið né til neins konar ráðstafana eða athafna fyrir það. Laun verða yður ekki goldin eptir þenna tíma, enda teljum vér yður hafa fyrirgert öllum kröfum þar um á hendur félaginu. Hins vegar lýsir félagið ábyrgð á hendur yður og geymir sér rétt til bóta fyrir tjón það, sem þér kunnið að hafa valdið oss.

Með tilvísun til þess, er nú var ritað krefjumst vér þess, að þér tafarlaust skilið oss

- 1) öllum skjölum félagsins, þeim er enn eru í yðar vörzlum, bókum, bókhaldsgögnum og fylgiskjölum, tékkheptum, notuðum og ónotuðum, og öðrum skjölum, að engu undanskildu,
- 2) öllum lyklum, þar á meðal að húsnæði voru, bíl, pósthólfi og öðrum geymslum,
- 3) öllum öðrum eignum félagsins, þar á meðal víxlum og tékkum, þeim er þér hafið í yðar vörzlum, og öðrum eignum hverju nafni sem nefnast“.

Í fyrstu tregðaðist stefndur við að skila skjölum og öðrum eignum félagsins, þeim er nú var getið. Höfðaði stefnandi þá mál gegn honum fyrir fúgetarétti Reykjavíkur 6. marz 1968 og krafðist þess, að fúgeti tæki af stefndum umrædd skjöl og eignir og setti stefnanda inn í vörzlur þeirra. Eptir all-míkið þras fyrir fúgetarétti skilaði stefndur hinum helztu skjölum félagsins og öðrum mikilvægum eignum þess, þeim er nú var getið. Eigi gerði stefndur nein reikningsskil og eigi skilaði hann bókhaldi, nema mjög ófullkomnu. Neyddist stefnandi til að fá endurskoðendur til að koma í aðgengilegt horf bókhaldi félagsins. Gerði það Jarl Jónsson, lögg. endurskoðandi. Kom nú í ljós það, sem félagsstjórnina grunaði, að mjög mikil óreiða var á fjárhaldi stefnds fyrir félagið, enda reyndist hann skulda því mikið fé. Gerir Jarl Jónsson grein fyrir efninu í skýrslu til hrl. Gústafs A. Sveinssonar, dags. 1. apríl 1968. Þar segir svo:

„Eftir ósk hr. Ingvars S. Ingvarssonar, framkvæmdastjóra Fjöliðjunnar h.f., Hellu, hefi ég endurskoðað fylgiskjöl og reikningshald Eyjólfis Bjarnasonar yfir fjárreiður hans hjá Fjöliðjunni h.f., Hellu (og Reykjavík).

Þetta tímabil mun vera frá ca. 9. nóvember 1967, en þá er opnaður hlr. nr. 88 við Búnaðarbanka Íslands á Hellu og til ca. 1. marz 1968, en þá eru dagsett síðustu fylgiskjölín.

Í hendur mér voru lögð fylgiskjöl samkvæmt tveim upptalningum fulltrúa borgarfégetans í Reykjavík, dagsettum 9. marz 1968. Önnur yfir fylgiskjöl nr. 1—234, hin yfir fylgiskjöl nr. 1—70. Ýmis af þessum skjölum eru þó ekki bókhaldsfylgiskjöl. Ennfremur dálkadagbók með færslum á opnu 2 og 3 (vegna 1967) og 7, 8 og 9 vegna 1968.

Þar sem fjölmargar athugasemdir og leiðréttingar hefði þurft að gera við færslur í dálkabókina, tók ég það ráð að færa bókhaldið upp á nýtt.

Það skal tekið fram, að bókhald það, er eg hefi fært upp, er ekki bókhald Fjöliðjunnar h.f., Hellu, í heild, heldur fyrst og fremst það, er snert hefur fjárreiður Eyjólfss Bjarnasonar hjá fyrirtækinu.

Niðurstöður bókhaldsins eru:

<i>Neikn. nr.</i>	<i>Debet</i>	<i>Kredit:</i>
101 Sjóður Eyjólfur Bjarnason . kr.	188.395.85	
212 Viðsk.reikn. Eyjólfss		
Bjarnas. —	67.801.00	
110 Ófullkomin greiðslufskj.,		
önnur en launafskj. —	15.473.04	
115 Ófullkomin launafylgiskjöl . —	362.230.50	
210 Óskýrðar innborganir		kr. 60.000.00
102 Sjóður Gunnar Ingvarsson ..		— 5.000.00
104 Geymslufé, Olíufél. Skelj. . . —	1.000.00	
201 Hlr. 88, Búnaðarb. Ísl., Hellu		— 783.381.28
202 Hlr. 1728, Iðnaðarb. Ísl., R. . —	9.10	
211 Gr. víx. Híbýlaprýði —	5.206.00	
211 Samþ. víx. Trésm. Víðir h.f.		— 16.677.00
212 Samþ. víx. Búnaðarb. Ísl.,		
Hellu		— 175.000.00
212 Viðsk.reikn. Kf. Þór, Hellu .		— 99.348.90
212 Afborgunarsamn. Fönix, O.		
Kornerup-Hansen s.f.		— 2.280.00
212 Viðsk.reikn. Ingvar S. Ingv. . —	79.881.00	
215 Viðsk.reikn. Fjöliðjan, Ísaf. . —	34.668.90	
291 Innb. hlutafé Eyj. Bjarnas. . .		— 20.000.00
120 Áhöld —	51.407.77	

150 Stofnkostnaður	kr. 162.537.70
300 Hráefni	— 680.856.75
310 Vinnulaun gr. af Búnaðarb. —	222.776.50
320 Kostnaður	— 100.363.07
400 Tekjur	kr. 863.430.00

Kr. 2.029.947.18 Kr. 2.029.947.18

Bókhaldið er fært í vél. Því miður er ekki texti í ritmáli á vélinni. Á sumum ofangreindra reikninga hefi ég þó handskrifað texta til glöggvunar, svo sem á sjóðreikning Eyjólfss Bjarnasonar (101), viðskiptareikning sama (212) og reikninga, sem ófullkomin fylgiskjöl eru færð á (110, 115 og 210).

Í vélskrifuðum texta bókhaldsins er fyrst tékk nr., þar sem það á við nr. mótreiknings. Í fylgiskjaladálk er fyrst færzlunúmer mitt í áframhaldandi röð, og seinni hlutinn (3 tölustafir) er nr. fylgiskjala samkvæmt skráningu fulltrúa borgarfégetans. Þar sem sú skráning er í tvennu lagi, er önnur skráningin auðkennd með 2 í fyrsta sæti. Fylgiskjal 1 úr fyrri skráningu er auðkennt 001, en fylgiskjal 1 úr seinni skráningu 201.

Fylgiskjöl, sem auðkennd eru frá 801 og áfram, eru færzalur á upphæðum, sem ávísað hefir verið á á hlaupareikninga fyrir-tækisins, en fylgiskjöl eru *ekki* fyrir hendi. Þessar upphæðir eru færðar samkvæmt „stubbum“ tékkheftanna og færðar í sjóð Eyjólfss Bjarnasonar. Heimildir fyrir handskrifuðum texta eru í þessu tilviki „stubbar“ tékkheftanna.

Með því að raða fylgiskjölum upp eftir dagsetningum, eftir því sem hægt hefir verið, og athuga síðan, hvort ávísað hefir verið á hlaupareikninga félagsins fyrir viðkomandi upphæð, hef ég komist að raun um, hvað af fylgiskjölunum hefir verið greitt úr tékkheftum fyrirtækisins.

Þau fylgiskjöl, sem þannig hefir verið ávísað á fyrir sömu upphæð, hef ég fært á viðkomandi gjaldaliði og kredit á hlaupareikninga, þ. e. a. s. færslan hefir ekki komið að neinu leyti á sjóðreikning Eyjólfss Bjarnasonar. Þau fylgiskjöl, sem mér hefir ekki tekizt að rekja greiðslu á á ofangreindan hátt, og einnig þær ávisanir, sem ekki hefir verið tilsvareandi fylgiskjöl fyrir hendi, hef ég hinsvegar fært yfir sjóðreikning Eyjólfss.

Þeir reikningar, sem hér koma einna helst máli við sögu, eru:

101 Sjóðreikningur Eyjólfss Bjarnasonar,

- 212 Viðskiptareikningur Eyjólfss Bjarnasonar,
 110 Ófullkomin greiðslufylgiskjöl, önnur en launafylgiskj.,
 115 Ófullkomin launafylgiskjöl,
 210 Óskýrðar innborganir.

Hér á eftir mun ég leitast við að skýra þessa reikninga.

101 *Sjóðreikningur Eyjólfss Bjarnasonar, kr. 188.395.85.*

Ég hefi leitast við að færa eingöngu yfir sjóð þær upphæðir, sem ég hef ekki getað fundið, að greiddar væru með tékkum, þannig að reikningur er tekjufærður fyrir þeim upphæðum, er greiðslufylgiskjöl segja til um og ekki eru greidd með tékka á hlaupareikninga fyrirtækisins. Ennfremur er sjóðreikningurinn tekjufærður fyrir þeim „ófullkomnu launafylgiskjöllum“, sem síðar er sagt frá. Hér má að vísu rekja, að eitthvað af þessum greiðslum hafi verið, að minnsta kosti að hluta til, greitt með tékkum.

Sjóðreikningur Eyjólfss Bjarnasonar er fyrst og fremst skuldfærður fyrir þeim upphæðum, er ávísað hefir verið á hlaupareikninga fyrirtækisins, án þess að tilsvareandi fylgiskjöl séu fyrir hendi. Hér með eru taldar ávísanir til launþega samkvæmt næstu málsgrein á undan.

Ennfremur er sjóðreikningurinn skuldfærður fyrir kr. 5.000.00, sem samkvæmt upplýsingum Gunnars Ingvarssonar og af uppgjöri hans fyrir tímabil næst á undan því, er hér um ræðir, var greitt Kristni Sigurjónssyni upp í laun. Laun Kristins eru færð sjóðreikningnum til tekna í heild, sbr. áður sögðu.

Vegna ávísana, sem hafa runnið í sjóð, tel ég áberandi, hvað í sumum tilfellum er um stórar upphæðir (kr. 75.000.00 og kr. 50.000.00), sem samkvæmt texta tékkheftanna virðast hafa verið lagðar inn á persónulega hlaupareikninga Eyjólfss Bjarnasonar, t. d. hlr. 8591 í Landsbanka Íslands.

Í einstaka tilfellum er sjóðreikningurinn skuldfærður fyrir mismun á ákveðnum tékkum og viðkomandi fylgiskjali. Nokkrum sinnum eru færslur annað hvort til gjalda eða tekna, en mótfærslur síðar, þannig að jöfnuður er á. Er þetta auðkennt á reikningnum.

Að lokum er reikningurinn tekjufærður fyrir launum og bifreiðastyrk Eyjólfss Bjarnasonar, samtals kr. 79.000.00. Ingvar S. Ingvarsson hefir ekki viljað viðurkenna þau fylgiskjöl, er Eyjólfur Bjarnason hefir gefið fyrir sínum launum og bifreiðakostnaði, en hinsvegar samþykkt að færa honum til tekna eftirfarandi:

Laun fyrir nóvember	kr. 10.000.00
Laun fyrir desember, janúar og febrúar, kr.	
20.000.00 pr. mánuð	— 60.000.00
Bifreiðastyrk fyrir desember, janúar og febrúar, kr. 3.000.00 pr. mánuð	— 9.000.00

Kr. 79.000.00

Gegn mótmælum Ingvars S. Ingvarssonar hefi ég ekki talið mér fært að taka til greina þau fylgiskjöl, sem Eyjólfur Bjarnason hefir gefið fyrir launum sínum og bílakostnaði, en þau eru:

Nr. samkvæmt skráningu borgarfégetans:

Nr. 69, bílkostnaður 1/11—31/12, kr. 5.000.00 pr.	
mán.	kr. 10.000.00
— 70, bílkostnaður 1/7—31/10, kr. 1.000.00 pr.	
mán.	— 4.000.00
— 179, bílkostnaður 1/1—29/2, kr. 5.000.00 pr.	
mán.	— 10.000.00
— 180, vinnulaun 1/11 1967—31/3 1968, kr.	
35.000.00 pr. mán.	— 175.000.00
— 183, hluti, laun 1/7—31/10 1967	— 100.000.00

Enn fremur hef ég ekki talið mér fært að taka til greina sem greiðsluviðurkenningu fylgiskjal nr. 183, sem auk áður nefndra launa E. B., kr. 100.000.00, er upptalning Eyjólfss Bjarnasonar á ýmsum greiðslum. Sumt af þessum greiðslum er þegar fært samkvæmt upprunalegum greiðslufylgiskjöllum. Ég tel ekki eðlilegt að taka upptalningu sem þessa sem heimild fyrir greiðslum í þágu fyrirtækisins.

212 Viðskiptareikningur Eyjólfss Bjarnasonar, kr. 67.801.00.

Á þennan reikning er í fyrsta lagi fært hlutafjárloforð Eyjólfss Bjarnasonar, kr. 20.000.00. Samkvæmt upplýsingum Ingvars S. Ingvarssonar hefir E. B. átt að standa skil á hlutafjárloforði sínu inn á bankareikning félagsins. Þar sem engin heimild er fyrir greiðslu hlutafjárloforðsins, er það skuldfært á viðskiptareikning E. B.

Að öðru leyti eru færðar upphæðir, sem ég tel persónuleg gjöld Eyjólfss Bjarnasonar og fylgiskjöl eru fyrir hendi í bókhaldinu. Er hér aðallega um að ræða kostnað við bifreið E. B., R 22482, símkostnað o. fl. Þar sem Eyjólfur fær bifreiðastyrk, tel ég óeðlilegt, að kostnaður við eigin bifreið E. B. komi til gjalda hjá fyrirtækinu.

Ennfremur eru færð hér til gjalda laun Bjarna Jarlssonar, rafvirkjanema Eyjólfss, kr. 8.640.00 og kr. 3.000.00. Ingvar S. Ingvarsson hefir neitað, að greiðsla á launum til Bjarna sé í þágu Fjölbíðjunnar, og talið, að þau séu eingöngu viðkomandi rekstri Eyjólfss sjálfs.

110 Ófullkomin greiðslufylgiskjöl, önnur en launafylgiskjöl, kr. 15.473.04.

Þessi upphæð samanstendur af eftirfarandi upphæðum:

1. Rafmagn og hiti, kr. 7.596.54.

Vegna athugasemdar Ingvars S. Ingvarssonar á hluta af viðkomandi fylgiskjali, þ. e. reikning fyrir hita að upphæð kr. 5.604.50 fyrir tímabilið frá 1/1 til 26/6 1967, en Ingvar telur sig hafa lagt fyrir Eyjólf Bjarnason að greiða ekki þennan reikning. Er fylgiskjalið í heild fært hér til nánari athugunar.

Hitakostnaður að upphæð kr. 5.604.50 fyrir tæpan 1 mánuð er vægast sagt óeðlilegur. Ég tel þó álitamál, hvort Eyjólfur verði talinn ábyrgur fyrir þessari upphæð, m. a. með hliðsjón af, hvort ekki fengist leiðrétting hjá Hitaveitunni.

2. Eiríkur Davíðsson, glerisetning, kr. 6.240.00, 2 nótur kr. 886.50, samtals kr. 7.126.50.

Ingvar S. Ingvarsson vill ekki taka þennan kostnað til greina nema með frekari skýringum, svo sem hvar glerið var sett í og hvers vegna. Það gæti ekki talist eðlilegur kostnaður fyrirtækisins sem framleiðanda að kosta ísetningu glers nema gegn sérstöku endurgjaldi eða vegna ábyrgðar á vörunni.

3. „10/1 Bjarni, ferð austur, leigubíl kr. 500.00“.

Þessi texti og upphæð er skrifað neðanmáls á færzluskjali nr. 93, fylgiskjali nr. 72. Þennan sama dag er fylgiskjal fyrir greiðslu á akstri í leigubíl frá Selfossi til Hellu, kr. 530.00, færzluskjal nr. 94, fylgiskjal nr. 121. Umrætt „fylgiskjal“ verður að teljast mjög ófullkomið og tæplega hægt að taka gilt sem sönnun fyrir greiðslu.

4. Bréfaskrift á ensku, kr. 250.00.

Ingvar S. Ingvarsson telur sér ekki vera kunnugt um neitt bréf, er Eyjólfur hafi látið skrifa á ensku í þágu fyrirtækisins, og því sé Eyjólfur ábyrgur fyrir þessari upphæð nema að fengnum nánari skýringum.

115 Ófullkomin launafylgiskjöl, kr. 362.230.50.

Laun virðast hafa verið greidd á tvennan hátt. Í fyrsta lagi hafi Búnaðarbankinn á Hellu greitt í reikning viðkomandi launþega ákveðnar upphæðir og gefið kvittun þar fyrir. Ég tel ekki ástæðu til að gera sérstakar athugasemdir, enda þótt ekki komi

fram á kvittunum, að um laun sé að ræða, og því síður fyrir hvaða tímabil. Þessi laun eru gjaldfærð á vinnulaunareikning.

Í öðru lagi hafa laun verið greidd af Eyjólfí Bjarnasyni. „Kvittanir“ fyrir þessum greiðslum eru oft óundirritaðar. Þessar „kvittanir“ hafa þó verið færðar sjóði Eyjólfis til tekna samkvæmt ósk Ingvars S. Ingvarssonar og gjaldfærðar á „ófullkomin fylgiskjöl“, að undanteknum launakvittunum frá Bjarna Jarlssyni, rafvirkjanema Eyjólfis Bjarnasonar, sem Ingvar samþykkir ekki sem launakostnað Fjöliðjunnar h.f. Laun Bjarna eru skuldfærð á viðskiptareikning Eyjólfis Bjarnasonar.

Þær launakvittanir, sem óundirritaðar eru, tel ég, að útbúnar séu allar á sama tíma. Þær eru allar dagsettar 31. des. 1967, að tveim undanteknum, sem dagsettar eru „jan 1968“. Þessi fylgiskjöl virðast eiga að vera launakvittanir fyrir mánuðina október, nóvember og desember 1967 og í einu tilviki einnig fyrir janúar 1968.

Í þrem tilvikum tel ég, að í ofangreindum heildarkvittunum hafi verið meðtalin laun, sem áður hafði verið kvittað fyrir, þ.e.:

1. Færsla nr. 29, fskj. 27, 2/12 1967, greitt Þorgrími Guðnasyni upp í laun, kr. 1.000.00.

2. Færsla nr. 31, fskj. 30, 12/12 1967, greitt Ingibjörgu Sigurgeirsdóttur upp í laun, kr. 2.000.00.

3. Færsla nr. 224 (fært í sjóð E. B. úr sjóði Gunnars Ingvarssonar) 19/10 1967, greitt Kristni Sigurjónssyni upp í laun, kr. 5.000.00.

Þar sem fylgiskjöllum fyrir launum, er Eyjólfur Bjarnason hefur greitt, er að mörgu leyti ábótavant og jafnvel tortryggileg, hefi ég fært þau í heild á „ófullkomin launafylgiskjöl“.

Að lokum hefi ég ennfremur fært á þennan reikning laun og bifreiðakostnað Eyjólfis sjálfs, sbr. fyrri sundurliðun.

210 Óskýrðar innborganir, kr. 60.000.00.

Hér er um að ræða tvær upphæðir, sem lagðar hafa verið inn á hlr. Fjöliðjunnar h.f., Hellu, nr. 88 í Búnaðarbanka Íslands, Hellu.

Þann 30/11 1967 leggur Eyjólfur Bjarnason inn kr. 50.000.00, og þann 5. janúar 1968 leggur Bjarni Jarlsson inn kr. 10.000.00. Þetta er hvorutveggja lagt inn í aðalbankanum í Reykjavík.

Á meðan annað kemur ekki í ljós, verður að álíta, að hér hafi Eyjólfur Bjarnason (og Bjarni Jarlsson) mótttekið peninga fyrir hönd Fjöliðjunnar h.f. og lagt þá síðan inn á hlr. fyrirtækisins.

Að lokum vil ég taka fram, að ég hefi ekki framkvæmt neina

könnun á tekjuliðum fyrirtækisins. Gunnar Ingvarsson tjáði mér, að allir reikningar hefðu átt að afhendast Búnaðarbankanum á Hellu til innheimtu og að andvirði þeirra rynni síðan inn á hlaupareikning fyrirtækisins hjá bankanum. Gunnar hefir ekki að svo stöddu máli talið ástæðu til að gera athugasemdir þar að lútandi“.

2) Enn telur stefnandi stefndan hafa valdið félaginu tjóni með ýmsri vanrækslu og annarri aðferð sinni um stjórn á félaginu eða stjórnleysi. Hefur Gunnar Ingvarsson, endurskoðandi, dregið saman nokkrar niðurstöður sínar um hér greint efni, og ritar hann þar um hrl. Gústafi A. Sveinssyni sem hér segir:

„1. Framleiðsla í verksmiðju að Hellu féll alveg niður vegna verkfallanna í rúmar 2 vikur, þrátt fyrir að ekki kom til verkfalls að Hellu. Ástæðan fyrir þessu var eingöngu sú, að Eyjólfur Bjarnason lét alveg hjá líða að hafa fyrir hendi hráefni til framleiðslunnar, þrátt fyrir að þau væru liggjandi á hafnarbakkanum í Reykjavík. Það tók okkur $\frac{1}{2}$ dag að fá þau í hendur, daginn eftir að verkfalli lauk. Krafa á Eyjólf Bjarnason vegna þessa held ég eðlilega eftirfarandi:

Vegna mannakaups	kr. 92.885.80
Vegna kostnaðar v/húsnæðis	— 5.000.00
Vegna ýmislegs (áætlað)	— 9.788.60
	Kr. 107.674.40
Tap á hagnaði (áætlað)	— 20.000.00

Samtals kr. 127.674.40

2. Í verksmiðju að Hellu voru að hálfu framleiddar pantanir v/Búlands 34 og 40. Var þetta framleitt samkvæmt skriflegum fyrirmælum Eyjólfss Bjarnasonar. Pöntun frá eigendum húsa fannst ekki á skrifstofu Fjöliðjunnar h.f., enda neita þeir að hafa gert þessa pöntun, en þeir viðurkenna aftur á móti að hafa beðið um tilboð.

Til þess að forða algjörum skaða vegna þessa neyddumst við til að gefa 10% afslátt frá venjulegu söluverði, kr. 6.026.70 (sjá meðf. bréf).

3. Bifreið Fjöliðjunnar h.f., sem er FORD-vörubifreið 10 tonn með hlassi, árgerð 1966, er stórlega skemmd eftir útafkeyrslu. Við höfum ástæðu til að ætla, að bifreiðarstjóri sá, er Eyjólfur Bjarnason réð til starfa, og sem stjórnaði bifreiðinni (að því er okkur er tjáð), er henni var ekið út af, hafi ekki réttindi til að

aka svo stórrí bifreið, auk þess sem hann mun óvanur slíkum akstri. Téður bifreiðarstjóri er bróðir Eyjólf, Jóhann Bjarnason. Auk framanritaðs var bifreiðin í algjörri óhírðu, er hún var tekin af Eyjólf Bjarnasyni. Lágt áætlaður skaði á bifreiðinni myndi ég segja kr. 100.000.00, en eðlilegast væri að fá lögskipaða matsmenn til að meta þetta. Teljum við Eyjólf Bjarnason ábyrgan fyrir tjóninu“.

3) Það hefur komið í ljós, að stefndur hefur 30. jan. 1968 gefið út „pr. pr. Fjöliðjan h/f, Reykjavík“ víxil á hendur sjálfum honum, að upphæð kr. 40.000.00, og samþykkt til greiðslu 30. marz 1968. Téðan víxil hefur stefndur selt í Iðnaðarbanka Íslands h/f. Hefur stefndur eigi goldið víxilin, enda krefur bankinn stefnanda um greiðslu á umræddum fjárhlut.

4) Eptir að stefndur lét af störfum í þjónustu stefnanda, hefur hann hitt að máli margan mann og aflutt mjög stefnanda, ráðstafanir hans og fjárreiður. Hefur stefndur einkum gert sér far um að lýsa slíku fyrir viðskiptamönnum stefnanda og öðrum þeim, er ætla má, að með einhverjum hætti sinni um málefni félagsins og hafi hug á þeim. Telur stefnandi öruggt að áætla tjón sitt af hérgreindu efni, en eigi getur hann haldið það nema minni upphæð en kr. 500.000.00, enda muni slíkt tjón hans raunar vera miklu meira.

Ofangreindar tölur tekur stefnandi saman sem hér segir:

a) Samkv. 1) hér á undan:

Sjóðreikningur stefnds	kr. 188.395.85	
Viðskiptareikningur sama	— 67.801.00	
Ófullkomin fylgiskj.	— 15.473.04	
Ófullkomin launafylgiskj.	— 362.230.50	
		kr. 633.900.39

b) Samkv. 2)

Framleiðslutjón	kr. 127.674.40	
Tjón af viðsk. Búlands	— 6.026.70	
Tján á bifreið	— 100.000.00	
		— 233.701.10

c) Samkv. 3)

Víxilupphæð	kr. 40.000.00	
Afsögn	— 180.00	
		— 40.180.00

d) Samkv. 4) — 500.000.00

Samtals kr. 1.407.781.49

Vöxtu telur stefnandi sér rétt að reikna 1% fyrir hvern byrjaðan mánuð af kr. 40.000.00 frá 30. marz 1968 til útgáfu stefnu og af allri stefnukröfunni, kr. 1.407.781.49, frá þeim degi til greiðsludags.

Fyrir bæjarþingi óskar stefnandi, að sátta verði leitað með aðiljum. Verði eigi sætt á málið, mun stefnandi krefjast þess, að stefndur Eyjólfur Bjarnason verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 1.407.781.49 með 1% vöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð af kr. 40.000.00 frá 30. marz 1968 til útgáfu stefnu og af allri stefnukröfunni, kr. 1.407.781.49, frá stefnudegi til greiðsludags svo og kostnaði sakarinnar að mati dómsins“.

Í aðalsök hefur gagnstefnandi, Eyjólfur Bjarnason, gert þær dómkröfur, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum aðalstefnanda og að aðalstefnanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í aðalsökinni.

Lögmaður gagnstefnanda hefur í greinargerð gert svofellda grein fyrir kröfum gagnstefnanda í aðalsökinni:

„1. Um kröfur, sem byggðar eru á niðurstöðu Jarls Jónssonar, endurskoðanda.

Upphaf þess máls er, að hinn 25. október 1967 var undirritaður stofnsamningur um fyrirtækið Fjöliðjan h.f., Hellu. Stofnendur voru eftirtaldir aðilar: Sigurlaug M. Jónsdóttir, Ingvar S. Ingvarsson, Hrefna Ingvarsdóttir, Sigurbjörn Ólafsson og Eyjólfur Bjarnason, stefndi í máli þessu. Skömmu síðar var umbj. m. ráðinn framkvæmdastjóri nefnds fyrirtækis með prókúruumboði, en „Ingvar S. Ingvarsson, Engjavegi 15, Ísafirði, er ráðinn forstjóri til lífstíðar og verður honum fyrir engar sakir sagt upp því starfi hjá félaginu eða sviptur launum, en nánar verður samið um að greiða honum“, eins og til orða er tekið í 9. gr. stofnsamnings áðurgreinds fyrirtækis. Rétt er að geta þess, að þau hjónin, Sigurlaug M. Jónsdóttir og Ingvar S. Ingvarsson, munu vera aðalhluthafar í fyrirtækinu, Fjöliðjan h.f., Ísafirði, enda er nefndur Ingvar forstjóri þess fyrirtækis, eins og flestum mun nú kunnugt vera.

Í stefnu segir, að meiri hluti félagsstjórnar, ásamt varastjórnendum, hafi hinn 4. marz sagt umbj. m. fyrirvaralaust upp starfi. Hér mun rangt með farið, þar sem varastjórnendur áttu hér engan hlut að máli.

Þá gerist það aðfaranótt 3. marz s.l., að farið er inn á skrifstofu Fjöliðjunnar h.f., Hellu, og þaðan numin á brott öll skjöl varðandi viðskipti Fjöliðjunnar h.f., Hellu, við Fjöliðjuna h.f., Ísafirði, svo og öll skjöl varðandi viðskipti þjónustufyrirtækisins

í Reykjavík og einnig persónuleg skjöl umbj. m., er þar voru geymd.

Síðar kom í ljós, að hér hafði verið að verki lífstíðarforstjóri Fjöliðjunnar h.f., Hellu, Ingvar S. Ingvarsson, og taldi hann sér þessa framkomu heimila. Um þessi atvik vísast að öðru leyti til dskj. nr. 12. Þá var hinn 6. marz fyrir tilstilli margnefnds Ingvars S. Ingvarssonar v/Fjöliðjunnar h.f., Hellu, höfðað mál fyrir fógetarétti Reykjavíkur gegn umbj. m., þar sem sú krafa var m. a. gerð, að hann afhenti öll skjöl viðkomandi bókhaldi fyrirtækisins, sem og hann gerði.

Skjöl þessi, eða hluti þeirra, var fenginn í hendur löggiltum endurskoðanda, Jarli Jónssyni, og honum falið af Ingvari S. Ingvarssyni að endurskoða fylgiskjöl og reikningshald Eyjólfssonar yfir fjárreiður hans hjá Fjöliðjunni h.f., Hellu (og Reykjavík). Niðurstöður endurskoðandans er að finna á dskj. nr. 4, og er hluti stefnukröfunnar byggður á því skjali, enda hefur lögmaður stefnanda tekið það í stefnu sína í heild.

Á þessu stigi er rétt að vekja athygli virðulegs dóms á eftirfarandi:

Að aldrei hafði umræddur endurskoðandi samband við umbj. m. varðandi athugunina, þótt hann væri einmitt sá maður, sem gerzt þekkti til.

Að aldrei var leitað eftir skýringum bókhaldara fyrirtækisins, viðskiptafræðings Sigurðar Tómassonar.

Að einvörðungu virðist hafa verið farið eftir skýringum Ingvars S. Ingvarssonar, en slíkt hlaut endurskoðanda þessum að vera ljóst, að varhugavert væri, þar sem hatramt deilumál var þá þegar risið millum Ingvars þessa og umbj. m. Engan skal því undra, þótt hugarframleiðsla endurskoðanda á dskj. nr. 4 sé ekki hafin yfir gagnrýni, enda ekki langt seilt til þeirrar gagnaöflunar, sem leitt gæti í ljós óbrigðulan sannleika, sbr. það sem áður segir. Með þetta í huga hef ég fengið hr. viðskiptafræðing Sigurð Tómasson til að gera greinargerð um bókhald Fjöliðjunnar h.f., Hellu, og er sú greinargerð m. a. gerð með sérstöku tilliti til dskj. nr. 4. Greinargerð Sigurðar Tómassonar er dskj. nr. 11. Viðskiptafræðingurinn telur, að stefnandi sé skuldugur umbj. m. um kr. 221.010.50 (þar með eru reyndar faldar kr. 104.000.00, sem er skuld Fjöliðjunnar h.f., Ísafirði, við umbj. m.). Þessi fjárhæð kann þó að hækka, er gagnaöflun lýkur endanlega. Eins og áður segir, mun umbj. m. gagnstefna til heimtu þessarar skuldar o. fl. Fjölmörg atriði í skýrslu Jarls Jónssonar, endurskoðanda, eru

gagnrýni verð, en ekki skal hirt um að fara náið út í þá sálma hér, þar sem óskað er, að dskj. nr. 11 verði skoðað sem hluti greinargerðar minnar. Þau skjöl, sem einkum eiga við þennan lið og nú eru lögð fram, eru þessi: Nr. 11, 12, 13, 14, 15, 16, 17, 18, 19, 20, 21 og 22.

Eins og áður segir, verða lögð fram mun fleiri skjöl í sambandi við kröfur skv. þessum lið.

2. a) *Um framleiðslutjón*, b) *Tjón v/viðskipta við Búland*,
c) *Tjón á bifreið*.

a) *Um framleiðslutjón*: Kröfuliður þessi nemur kr. 107.674.00 og er byggður á tilskrifti Gunnars nokkurs Ingvarssonar, sem nefndur er endurskoðandi, til lögmanns stefnanda, en bréf þetta er á dskj. nr. 5.

Sem kunnugt er, hófst allvíðtækt verkfall hinn 4. marz s.l. Ekki kom þó til verkfalls að Hellu. Í nefndu bréfi Gunnars Ingvarssonar segir svo m. a.: „Framleiðsla í verksmiðju á Hellu féll alveg niður vegna verkfalla í rúmar tvær vikur, þrátt fyrir að ekki kom til verkfalls á Hellu. Ástæða fyrir þessu var eingöngu sú, að Eyjólfur Bjarnason lét alveg hjá líða að hafa fyrir hendi hráefni til framleiðslunnar, þrátt fyrir að þau væru fyrirbyggjandi á hafnarbakkanum í Reykjavík“.

Hin raunverulega ástæða fyrir þessu var hins vegar féleysi, sem stafaði af eftirfarandi: Hinn 17. apríl 1967 gerði framkvæmdanefnd byggingaráætlunar samning um kaup glerja við Sandsöluna, Reykjavík, en það fyrirtæki var umboðsaðili fyrir Fjöliðjuna h.f., Ísafirði. Þessi sami aðili hugðist gera annan samning um kaup á gleri fyrir allt að kr. 200.000.00 við Fjöliðjuna h.f., Hellu. Í lok febrúarmánaðar kom í ljós, að um stórfelldar vanefndir var að ræða á fyrrnefndum samningi af hálfu verksala, Fjöliðjunnar h.f., Ísafirði. Þessar vanefndir orsökuðu beinlínis, að ekki varð samningur við Fjöliðjuna h.f., Hellu, enda virðast fyrirsvarsmenn framkvæmdaáætlunarinnar hafa skirrt við að hafa frekari viðskipti við þú aðila, er réðu Fjöliðjunni h.f., Ísafirði, en það eru einmitt þeir sömu, er eiga meirihluta hlutafjár fyrirtækisins að Hellu.

Fé það, sem fengist hefði vegna fyrirhugaðs samnings við byggingarnefnd framkvæmdaáætlunar, skyldi notað til innlausnar þess hráefnis, er um getur í bréfi Gunnars Ingvarssonar. Í þessu sambandi er vísað til dskj. nr. 24 og 25.

Hitt er svo annað mál, að kröfuliður þessi er algerlega út í hött, eins og reyndar annað af hálfu stefnanda, þegar af þeirri ástæðu,

að umbj. m. verður ekki frekar en aðrir þjóðfélagsþegnar gerður ábyrgur fyrir tjóni, sem af verkföllum stafar, enda geta engir sagt óyggjandi til um, hvort og hvenær verkföll skella á.

Rétt er að benda á í þessu sambandi, að láðzt hefur að beina kröfum skv. þessum lið að þeim forstjóra Fjöliðjunnar h.f., Hellu, sem ráðinn er til lífstíðar, þ. e. Ingvari S. Ingvarssyni, en slíkt kann að hafa farizt fyrir af vangá.

b) Um tjón af viðskiptum við Búland.

Um kröfur samkvæmt þessum lið læt ég nægja að vísa til dskj. nr. 23.

c. Tjón á bifreið.

Sjá dskj. nr. 24, 26, 27, 28 og 29. Rétt er að geta þess strax, að ég undrast það hugmyndaflug, sem stendur að baki þessari kröfu, og fæ ég alls ekki séð, á hvern hátt hún snertir umbj. m.

Hins vegar sýna greind dskj., að margnefndur Gunnar Ingvarsson virðist eiga ýmislegt ólært, en slíkt gerir hann upp við eigin samvizku og ef til vill á öðrum vettvangi.

3. Um víxil.

Á ofanverðu árinu 1967 var svo komið málum, að Fjöliðjan h.f., Hellu og Ísafirði, skuldaði umbj. m. allmikla fjárhæð, en ekkert fé handbært til greiðslu. Það varð úr, með samþykki Ingvars S. Ingvarssonar, að umbj. m. freistaði þess að selja í Iðnaðarbanka Íslands h.f. víxil að fjárhæð kr. 50.000.00 Þetta tókst. Umræddur víxill var samþykktur af umbj. m., en útg. af Fjöliðjan h.f., Hellu. Var að sjálfsögðu ætlanin, að fyrirtækið greiddi víxilinn (eða víxlana), þá hann félli, enda var, eins og áður segir, um að ræða laun umbj. m. Raunin varð hins vegar sú, að einungis voru greiddar kr. 10.000.00, en gefinn út og samþykktur framlengingarvíxill, að fjárhæð kr. 40.000.00. Á þeim víxli er umbj. m. samþ., en Fjöliðjan h.f. útgefandi. Gjaldldagi þess víxils var 30. marz 1968. Eins og sjá má af framanrituðu, er hér um óafturkræf laun að ræða. Skyld er að geta þess, að mér er ókunnugt um, að Fjöliðjan h.f. hafi leyst til sín víxil þennan með greiðslu, en slíkt mun sannreynt við væntanlegar vitnaleiðslur.

4. Um róg.

Að þessum kröfuflið er vart orðum eyðandi, en skorað er á stefnanda að upplýsa hverjir þeir aðilar eru, sem umbj. m. hefur afflutt fyrirtækið við, svo og hvenær og þá hvernig. Verði ekki orðið við þessum kröfum á fullnægjandi hátt, hlýtur umbj. m. að líta þessar fullyrðingar sem rangar sakargiftir og áskilur sér

allan rétt til bóta- og refsikrafna gagnvart hlutaðeigandi aðilum“.

Með gagnstefnu, birtri 19. febrúar 1969, höfðaði gagnstefnandi gagnsök í málinu á hendur aðalstefnanda, og hefur gagnstefnandi gert þær dómkröfur í gagnsökinni, að aðalstefnanda verði gert að greiða honum kr. 187.010.50 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá 1. apríl 1968 til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt mati réttarins.

Í gagnstefnu er gerð svofelld grein fyrir kröfum gagnstefnanda í gagnsökinni:

„Atvik máls þessa eru þau, að í byrjun nóvembermánaðar 1967 réðst gagnstefnandi sem framkvæmdastjóri til gagnstefnda. Var í upphafi svo umsamið, að gagnstefnandi skyldi hafa í laun kr. 35.000.00 pr. mánuð að viðbættum kr. 5.000.00 á mánuði í bifreiðastyrk. Gagnstefnandi starfaði í þágu gagnstefnda frá 1/11 1967 til 4/3 1968, en þá var honum fyrirvaralaust og án tilefnis vikið frá störfum. Telur gagnstefnandi sig eiga rétt á 3ja mánaða uppsagnarfresti. Stefnukrafan er því laun fyrir mánuðina nóv. '68—maí '69, kr. 245.000.00 og bifreiðastyrkur fyrir mánuðina nóv. '68 til feb. '69, kr. 20.000.00. Upp í þessa fjárhæð hefur gagnstefnandi fengið greiddar kr. 77.989.50, en þó skal fram tekið, að sú greiðsla kann að reynast lægri, er öll kurl koma til grafar. Af því tilefni er réttur áskilinn til hækkunar stefnukröfum. Stefnukröfur í máli þessu eru m. a. byggðar á skjölum, sem fram hafa verið lögð í aðalmálinu, og vísast til þeirra um nánari málsatvik“.

Aðalstefnandi hefur ekki enn skilað greinargerð í gagnsökinni.

Í þinghaldi 12. f. m. lagði lögmaður gagnstefnanda fram sérstakt kröfuskjal, dskj. nr. 63. Þar segir m. a.:

„Í réttarhaldi fyrir fógetarétti Reykjavíkur þann 11. febrúar 1969 í málinu nr. A-378/1969: Sandsalan við Elliðavog s. f. gegn Hellugeri h.f. er fært til bókar eftir framkvæmdastjóra gerðarpóla:

„Framkv.st. Áminntur um sannsögli og kveðst hann ekki geta greitt. Umboðsmenn gerðarpóla lýsa því yfir að engar eignir félagsins séu á Hellu, þar sem gerðarþoli hafi selt eignir sínar þar Samverki h.f. Upplýst er, að félagið eigi bifreið, sem á hvílir kr. 180.000.00, L-281, en aðilar eru sammála um, að verðmæti bílsins fari ekki fram úr áhvílandi skuldum. Aðrar eignir séu engar nema krafa félagsins á hendur Eyjólfu Bjarnasyni, Háaleitisbraut 30, Rvk., og er krafa sú til meðferðar á bæjarþingi

Reykjavíkur (bæjarþingsmál nr. 689/1968). Stefnufjárhæð kr. 1.407.781.49 auk vaxta og málskostnaðar“.

Með hliðsjón af framburði þessum, tilvísun til 183. gr. 1. nr. 85/1936 og eðli máls samkvæmt er sú krafa hér með framborin, að stefnandi bæjarþingsmálsins, fyrirtækinu Hellugleri h/f, verði með úrskurði gert að setja tryggingu að fjárhæð kr. 187.000.00 eða lægri fjárhæð, sem dómari ákveður, til greiðslu huganlegs málskostnaðar í bæjarþingsmálinu. Áðurgreind fjárhæð er miðuð við stefnukröfur og gjaldskrá L. M. F. Í.

Verði umrædd trygging eigi sett, er þess krafizt, að málinu verði vísað frá dómi. Þá er sú krafa gerð, að Hellugleri h/f verði gert að greiða málskostnað vegna væntanlegs úrskurðar“.

Aðalstefnandi hefur gert þær dómkröfur í þessum þætti málsins, að synjað verði kröfu gagnstefnanda um málskostnaðartryggingu og að gagnstefnanda verði gert að greiða aðalstefnanda málskostnað í þessum þætti málsins.

Munnlegur málflutningur fór fram um ágreiningsefni þetta 10. þ. m., og var atriðið því næst tekið til úrskurðar.

Í 183. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði er svofellt ákvæði: „Nú höfðar maður erlendis búsettur mál fyrir íslenskum dómi, og getur þá stefndur gert þá kröfu á þingfestingardeg, að stefnandi setji þá tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar innan ákveðins tíma, sem dómari tiltekur. Ef hann gerir það ekki, skal vísa máli frá dómi.“

Ef menn búsettir á Íslandi eru undanþegnir því að setja sams konar tryggingu í landi stefnanda, skal hann einnig vera undanþeginn því hér á landi“.

Gagnstefnandi bendir á, að í áðurgreindu réttarhaldi í fógetarétti Reykjavíkur hafi komið í ljós, að aðalstefnandi sé raunverulega eignalaus, enda sé bifreiðin, sem tilgreind var, yfirveðsett og stefnukrafan í aðalsök máls þessa sé óraunveruleg eign, þar sem allar líkur séu fyrir því, að hann (gagnstefnandi) verði sýknaður af öllum kröfum aðalstefnanda í aðalsökinni. Dómsmál þetta sé allviðamikilið. Hin framlögðu skjöl séu þegar orðin 64. Ýmiss konar gagnaöflun sé enn eftir í málinu, þar á meðal eigi eftir að taka skýrslur af vitnum fyrir dómi. Hlaðist því stöðugt kostnaður á mál þetta. Ekki sé eðlilegt né réttmætt, að gagnstefnandi þurfi að leggja í frekari kostnað, eins og atvikum er háttað, nema því aðeins að aðalstefnandi setji tryggingu fyrir hugsanlegum málskostnaði. Hin tilvitnaða lagagrein eigi að vísu ekki beint við um ágreiningsefni það, sem hér er til úrlausn-

ar, en beita megi ákvæði þessu með lögjöfnun um það ágreiningsefni, sem hér er um fjallað, sbr. og 12. gr. kyrrsetningarlaga nr. 18/1949. Einnig sé rétt að hafa í huga ákvæði réttarfarslaga um gjafsókn þeim til handa, sem illa eru staddir fjárhagslega. Nú sé ljóst, að aðalstefnandi sé raunverulega ógjaldfær, og líkur fyrir því, að hann verði gjaldþrota, áður en langt um líður. Aðalstefnandi hafi ekki tryggt sér gjafsókn í málinu. Málssóknin sé hins vegar svo hæpin, að nærri stappi, að um ófyrirleitni sé að ræða. Verði krafa gagnstefnanda um málkostnaðartryggingu ekki tekin til greina, þá sé erfitt að sjá, hvaða varnir menn hafi gegn því að verða fyrir fjárútlátum, sem stafa af réttarfarslegum aðgerðum aðilja, sem eignalausir eru og því raunverulega ábyrgðarlausir, þar sem þeir taki enga áhættu. Beri því að taka kröfu gagnstefnanda til greina.

Aðalstefnandi bendir í fyrsta lagi á það, að ákvæði nefndrar 183. gr. einkamálalaga feli í sér glögg og skýr fyrirmæli um það, hvenær varnaraðili í dómsmáli hér á landi geti krafizt þess, að stefnandi setji tryggingu fyrir greiðslu málkostnaðar. Skilyrði fyrir slíkri kröfu sé, að stefnandi sé maður erlendis búsettur, sbr. þó síðari málsgrein greinarinnar, og að stefndi geri kröfu um málkostnaðartryggingu á þingfestingardegi. Skilyrðum þessarar lagagreinar sé engan veginn uppfyllt. Mál þetta sé þingfest 2. maí 1968, en krafa gagnstefnanda hafi fyrst komið fram 12. marz 1969. Þá sé aðalstefnandi alislenskt firma. Geti gagnstefnandi því ekki byggt neitt á nefndri lagagrein, enda sé algerlega óheimilt að beita lögjöfnun um undantekningarákvæði þetta. Auk þess sé á það að líta, að gagnstefnandi sé ekki eignalaus, enda þótt mjög hafi gengið á eignir hans. Í aðalsök sé gagnstefnandi krafinn um meðal annars víxilskuld að fjárhæð kr. 40.000.00, sem gagnstefnandi hafi engar varnir gegn. Þá séu miklar líkur fyrir því, að aðrar kröfur aðalstefnanda í aðalsök verði teknar til greina, enda þótt eigi sé unnt eða efni til að ræða um einstaka kröfuliði á þessu stigi málsins, þar sem gagnaöflun í málinu sé ekki lokið. Telur aðalstefnandi samkvæmt þessu, að hafna beri kröfu gagnstefnanda um nefnda málkostnaðartryggingu.

Telja verður, eins og málavöxtum er háttað, að gagnstefnandi hafi hvorki sannað, að ákvæði 183. gr. laga nr. 85/1936, ákvæði sömu laga um gjafsókn, 12. gr. laga nr. 18/1949 né aðrar réttarheimildir skyldi aðalstefnanda til að setja hina umkröfðu málkostnaðartryggingu. Verður þessi krafa gagnstefnanda því ekki tekin til greina.

Rétt þykir að taka ákvörðun um málskostnað í þessum þætti við væntanlegan efnisdóm í málinu.

Bjarni K. Bjarnason borgardómari kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Krafa gagnstefnanda, Eyjólfss Bjarnasonar, um málskostnaðartryggingu úr hendi aðalstefnanda, Helluglers h/f, er ekki tekin til greina.

Föstudaginn 30. maí 1969.

Nr. 95/1969. **Sigmund Jóhannsson**
 gegn
Árna Ólafssyni & Co. og
Vélaverkstæði Bernhards Hannessonar.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 7. maí 1969, er barst dóminum 16. s. m. Krefst sóknaraðili þess, að fjárhæðir lögbannstryggingar af hans hendi samkvæmt hinum kærða úrskurði „verði færðar niður í þær kr. 500.000.00, sem þegar hafa verið lagðar fram“, og að varnaraðiljum verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Varnaraðiljar krefjast þess, að málinu verði vísað frá Hæstarétti og að sóknaraðilja verði dæmt að greiða þeim kærumálskostnað.

Lagaheimild brestur til kæru máls þessa, sbr. 21. gr., 3. a, laga nr. 57/1962. Ber því að vísa málinu frá Hæstarétti.

Sóknaraðili greiði varnaraðiljum kærumálskostnað, kr. 3.000.00, hvorum þeirra.